

# Kosningar, lýðræði og fatlað fólk

**Rannveig Traustadóttir**, prófessor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands  
**James G. Rice**, lektor í mannfræði við Háskóla Íslands.

## Útdráttur

Kosningaréttur er grundvallarréttur þegna í lýðræðisríkjum og þátttaka í kosningum álitin ein af mikilvægustu athöfnum borgaranna. Þó að þessi réttindi skuli tryggð öllum þegnum sýna alþjóðlegar rannsóknir að fatlað fólk er víða útilokað frá þátttöku í kosningum. Fatlað fólk er síður líklegt til að kjósa en ófatlað fólk og mætir iðulega ýmsum hindrunum ef það reynir að taka þátt í kosningum. Þessi grein fjallar um kosningaþátttöku fatlaðs fólks með hliðsjón af niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna. Í upphafi eru raktar helstu hindranir í vegi kosningaþátttöku fatlaðs fólks og leitast við að svara hvaða áhrif þessar hindranir hafi, ekki aðeins fyrir fatlaða borgara, heldur jafnframt hvað það þýði fyrir heilbrigði lýðræðis og lýðræðislegra stofnana þegar hluti þegnanna mætir alvarlegum hindrunum varðandi borgaraleg grundvallarréttindi. Íslenskar rannsóknir á þessu sviði eru ekki fyrir hendi og engin skipuleg tölfræðileg gögn eru til varðandi þátttöku fatlaðs fólks í kosningum eða stjórnmálum hér á landi. Byggt á gögnum sem aflað var hjá tveimur fjölmennustu heildarsamtökum fatlaðs fólks hér á landi er rýnt í reynslu, aðstæður og möguleika fatlaðs fólks til þátttöku í kosningum á Íslandi, lagasetningar þar að lútandi og skyldur ríkisins til að stuðla að og tryggja þátttöku fatlaðs fólks í stjórnmálum og opinberu lífi, ekki síst í ljósi þess að Samningur Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) hefur verið fullgiltur hér á landi

**Efnisorð:** Fatlað fólk; lýðræði; borgaraleg réttindi; kosningar



Icelandic Review of Politics and Administration Vol 13, Issue 1 (83-102)

© 2017 Contact: Rannveig Traustadóttir, rannvt@hi.is

Article first published online June 16<sup>th</sup> 2017 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 1. tbl. 13. árg. 2017 (83-102) Fræðigreinar

© 2017 Tengiliður: Rannveig Traustadóttir, rannvt@hi.is

Vefbirting 16. júní 2017 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2017.13.1.4>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

## Elections, Democracy and Disabled People

### Abstract

The right to vote is a fundamental right of citizenship in democratic nations, and participation in elections is one of the most important acts undertaken by citizens. Although these rights are guaranteed to all citizens, international research shows that disabled people are widely excluded from participation in elections. Disabled people are less likely to vote than non-disabled people and often encounter various obstacles when they try to participate in elections. This article discusses the voting participation of disabled people in consideration of the international research. The main barriers that disabled people encounter in the voting process will first be outlined. This will be followed by questions concerning the effects these obstacles produce, not only for disabled citizens, but what this means overall for the health of democracy and democratic institutions when a portion of the citizenry encounter serious obstacles concerning their basic civil rights. Icelandic research in this field is extremely limited and no systematic statistical data exists on the participation of disabled people in elections, or politics in general, in this country. Based on data drawn from sources from two of the largest disabled people's organization in the country, the focus here is on the experiences, circumstances and opportunities for disabled people to participate in elections in the country. The findings draw attention to the obligations of the state to promote and ensure the participation of disabled people in politics and public life in light of the recent ratification in Iceland of the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities (CRPD).

**Keywords:** Disabled people; democracy; citizenship rights; elections.

### Inngangur

Í lýðræðisríkjum er þátttaka í kosningum grundvallarréttindi þegnanna sem kjósa til landsþings og sveitarstjórna og, ef um ESB-þegna er að ræða, kjósa þeir líka til fjölpjódafings (FRA, European Union Agency for Fundamental Rights 2010<sup>1</sup>; Guldvik, Askheim & Johansen 2013; Priestley o.fl. 2016; Waddington 2013). Þó að þessi réttindi skulu tryggð öllum þegnum hafa alþjóðlegar rannsóknir sýnt að fatlað fólk hefur víða átt og á enn erfitt með að njóta þeirra grundvallarréttinda að taka þátt í kosningum (FRA 2010; OHCHR, Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights<sup>2</sup> 2011; Priestley o.fl. 2016). Þetta á ekki síst við um ákveðna hópa fatlaðs fólks svo sem fólk með þroskahömlun og fólk með sálfélagssleg vandamál (FRA 2010; OHCHR 2011). Rannsóknir sýna að fatlað fólk er síður líklegt til að kjósa en ófatlað fólk og mætir iðulega ýmiss konar hindrunum ef það reynir að taka þátt í kosningum (Schur, Adya & Ameri 2015). Slíkar hindranir geta verið margvíslegar og mismunandi eftir því hvaða hópa fatlaðs fólks er um að ræða en felast meðal annars í því að kjörstaðir og kjörklefar eru óaðgengilegir hreyfihömluðu fólki, kjörseðlar eru ónothæfir blindu og sjónskertu fólki og illskiljanlegir fólki með þroskahömlun. Þá getur fatlað fólk þurft að leggja á sig

ýmsar íþyngjandi aðgerðir eða kostnað til að komast á kjörstað eða fá aðgengi að kjörstöðum (Miller & Powell 2016). Sumar rannsóknir benda til þess að fatlað fólk sýni meiri áhuga á stjórnmálum en hinn ófatlaði hluti þjóðarinnar. Þetta kemur meðal annars fram í rannsókn Grammenos (2013, 6) sem náði til 18 aðildarríkja ESB en þar sagðist um 51% fatlaðs fólks hafa mikinn eða mjög mikinn áhuga á stjórnmálum samanborið við 47% ófatlaðra þátttakenda. Hins vegar sýna rannsóknir jafnframt að þátttaka fatlaðra kjósenda geti verið 20% lægri en ófatlaðs fólks sem að öðru leyti hefur sömu lýðfræðilegu einkenni (Schur o.fl. 2002). Lagasetningar, sem hafa verið settar til að tryggja rétt fatlaðs fólks til að kjósa, virðast gera takmarkað gagn. Bandarísk rannsókn sýndi að bilið milli þátttöku fatlaðra og ófatlaðra kjósenda hafði ekki minnkað 30 árum eftir að sett voru lög sem ætlað var að fjarlægja hindranir til kosningaþátttöku þar í landi (Matsubayashi & Ueda 2014).

Þótt lagasetningar séu augljóslega mikilvægar þá duga þær ekki einar og sér. Ýmsir fræðimenn hafa bent á að ekki þurfi síður að huga að félagslegum, menningarlegum og sálrænum þáttum sem hafa neikvæð áhrif á þátttöku fatlaðs fólks í kosningum og geta varpað ljósi á hina viðvarandi gjá milli kosningaþátttöku fatlaðs og ófatlaðs fólks (Holland 2016; Miller & Powell 2016; Schriener og Shields 1998; Schur, Adya & Ameri 2015). Þá hefur verið bent á að það að kjósa er aðeins einn liður í virkum borgaralegum réttindum. Þátttaka fatlaðs fólks í stjórnmálum almennt, svo sem kosningabaráttu, umræðum um stjórnmál og að bjóða sig fram til stjórnmálaþátttöku eru einnig mikilvæg atriði sem þarf að huga að (Guldvik, Askheim & Johansen 2013; Mattila & Papageorgiou 2016; McColl o.fl. 2015; Priestley o.fl. 2016; Waddington 2013). Í þessari grein einbeitum við okkur hins vegar að kosningum og kosningaþátttöku fatlaðs fólks. Umfjöllun um stjórnmálaþátttöku fatlaðs fólks almennt er mun umfangsmeira svið sem ekki er unnt að gera skil hér. Við lítum jafnframt svo á að kosningaréttur sé hornsteinn lýðræðisins og teljum í þessari grein mikilvægt að vekja athygli á þeim hindrunum sem margt fatlað fólk mætir við að nýta þennan grundvallarrétt. Þetta er svið sem ekki hefur verið rannsakað eða fjallað um meðal fræðimanna hér á landi og því tímabært að beina sjónum að þessum hnökrum á lýðræðinu og ræða hvað það segir um stöðu lýðræðisins og lýðræðislegra stofnana að það sé viðvarandi ástand að hluti þegnanna njóti ekki fullra borgaralegra réttinda.

Fötulun er margþætt og flókið hugtak, fatlað fólk er með skerðingar af ólíkum toga sem jafnframt eru misalvarlegar auk þess sem hluti fatlaðs fólks er með samþættar skerðingar. Í samningi Sameinuðu þjóðanna (SP) um réttindi fatlaðs fólks segir í 1. gr. „Til fatlaðs fólks teljast m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.“ Samningurinn dregur því athygli að þeim hindrunum sem verða á vegi fatlaðs fólks og samspili umhverfis og einstaklings. Í grein okkar er sjónum beint að hindrunum í vegi kosningaþátttöku fatlaðs fólks. Við notum hugtakið „fatlað fólk“ á sama hátt og Samningur SP, sem yfirhugtak um afar fjölbreytilegan hóp. Þar sem íslenskar rannsóknir á kosningaþátttöku fatlaðs fólks skortir, tekur grein okkar að mestu mið af niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna.

Margar af þeim rannsóknum sem við styðjumst við beina sjónum að fötluðu fólki almennt en aðrar fjalla um afmarkaða hópa fatlaðs fólks. Umfjöllun okkar endurspeglar þetta. Við fjöllum iðulega um fatlað fólk almennt en þegar unnt er drögum við athygli að ákveðnum hópum og þeim sérstöku hindrunum sem þeir mæta varðandi kosningaþátttöku.

Íslenskar rannsóknir á þessu sviði eru ekki fyrir hendi og engin skipuleg tölfræðileg gögn eru til varðandi þátttöku fatlaðs fólks í kosningum eða stjórnmálum hér á landi. Þær takmörkuðu upplýsingar sem til eru frá Íslandi má finna í nokkrum samþættingarskýrslum sem hafa verið unnar af fræðimönnum sem tengjast verkefninu Academic Network of European Disability Experts (ANED)<sup>3</sup> sem rekið er á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Lawson 2013; Waddington 2013). Þessar skýrslur fjalla fyrst og fremst um mat á gildandi lagasetningum um þetta efni. Við byggjum því umfjöllun okkar á skýrslum og gögnum ýmissa alþjóðastofnana og erlendum rannsóknum, einkum frá Evrópu og Norður-Ameríku. Í upphafi rekjum við helstu hindranir í vegi kosningaþátttöku fatlaðs fólks. Þá veltum við því fyrir okkur hvaða áhrif þessar hindranir hafi, ekki aðeins fyrir fatlaða borgara heldur jafnframt hvað það þýði fyrir umfjöllun um málefni fatlaðs fólks í stjórnmálum og almennt um heilbrigði lýðræðis og lýðræðislegra stofnana þegar hluti þegnanna mætir alvarlegum hindrunum varðandi borgaraleg grundvallarréttindi. Að endingu munum við rýna í íslenskar aðstæður, möguleika og aðstæður fatlaðs fólks til virkrar og merkingarbærrar þátttöku í kosningum hér á landi, lagasetningar þar að lútandi og skyldur ríkisins til að stuðla að og tryggja þátttöku fatlaðs fólks í stjórnmálum og opinberu lífi, ekki síst í ljósi þess að Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) hefur verið fullgiltur hér á landi. Til grundvallar umfjöllun um aðstæður á Íslandi er meðal annars byggt á upplýsingum frá tveimur fjölmennustu heildarsamtökum fatlaðs fólks, Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp, og reynslu fatlaðs fólks af því að fara á kjörstað. Í upphafi verður hins vegar vikið stuttlega að aðkomu alþjóðastofnana og alþjóðasamtaka að stjórnmálaþátttöku fatlaðs fólks, einkum hvað varðar kosningar, svo og tillögum þessara aðila til úrbóta sem vikið er að í lok greinarinnar.

## 1. Alþjóðastofnanir og kosningaþátttaka fatlaðs fólks

Margar alþjóðastofnanir og alþjóðasamtök hafa unnið að því að rannsaka, hvetja til, styrkja og efla stjórnmálaþátttöku fatlaðs fólks. Starf þeirra hefur beinst að vestrænum lýðræðisríkjum jafnt sem löndum þar sem lýðræði er ekki vel þróað. Meðal þeirra eru European Union Agency for Fundamental Rights (FRA) sem hefur unnið nokkrar viðamiklar rannsóknir um stjórnmálaþátttöku fatlaðs fólks í Evrópu og gefið út skýrslur um niðurstöðurnar (sjá t.d. FRA 2010, 2014, 2015). Þá hefur alþjóðastofnunin International Foundation for Electoral Systems (IFES)<sup>4</sup> gert fjölmargar úttektir og rannsóknir víða um heim varðandi þátttöku fatlaðs fólks í stjórnmálum, ekki síst möguleika þess á virkri þátttöku í kosningum (IFES 2014).<sup>5</sup> Þá hefur Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights (OHCHR) kannað þátttöku fatlaðs fólks í stjórnmálum og opinberu lífi meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna (OHCHR 2011). Ísland var meðal fárra ríkja sem ekki sendu svör við þeim spurningum sem aðildarríki voru beðin

um að svara í tengslum við þessa könnun.

Starf alþjóðastofnananna, sem nefndar eru hér að framan, beinist að því að tryggja lýðræði, að allir, einnig þeir sem eru fátækir og jafdarsettir, eigi merkingarbæra rödd í ákvörðunum sem varða líf þeirra (IFES 2014). Fatlað fólk er um 15% jarðarbúa (WHO 2011). Víða er vísað til þess að fatlað fólk sé „fátækast allra fátækra“ og mæti iðulega hindrunum varðandi stjórnmálaþátttöku í heimalöndum sínum (OHCHR 2011; WHO 2011). Þær alþjóðlegu stofnanir og samtök sem hér er vísað til leggja sig fram um að afla þekkingar og tækja til að tryggja þátttöku fatlaðs fólks í kosningum og stjórnmálum almennt. Þá hafa þessar alþjóðastofnanir sett fram ýmsar tillögur um úrbætur og verður vikið að þeim í lok þessarar greinar í tengslum við aðstæður hér á landi.

## 2. Kosningaþátttaka fatlaðs fólks: Helstu hindranir

Alþjóðlegar rannsóknir sýna að víða skortir mikið á að fatlað fólk geti tekið þátt í kosningum og öðru stjórnmálastarfi. Hér á eftir er rýnt í þessar rannsóknir með hliðsjón af helstu hindrunum varðandi kosningaþátttöku og hvernig þessar hindranir birtast í kosningaferlinu – fyrir kosningar, á kosningatímabilinu og eftir kosningar.

### 2.1 Fyrir kosningar

Rannsóknir IFSE (2014) sýna að þegar stjórnvöld undirbúa kosningar þá skortir iðulega á að tekið sé mið af því að tryggja aðgengi ólíkra hópa fatlaðs fólks. Í þeim tilvikum þar sem gerðar hafa verið ráðstafanir til að hafa kjörstaði og kjörklefa aðgengilega þá er algengt að áhersla sé á eða tekið tillit til ákveðinna skerðinga (t.d. hreyfihömlunar) en litill fram hjá öðrum (t.d. blindu eða sjónskerðingu) eða að fólk með ákveðna skerðingar er útilokað (t.d. fólk með þroskahömlun) (Lawson 2013). Í þeim tilvikum, þegar kjörstjórnir hafa þekkingu og vilja til viðeigandi aðlögunar til að tryggja aðgengi, er sjaldgæft að þær hafi fjármagn til slíkrar aðlögunar. Þá bendir IFES (2014) á að oft velji kjörstjórnir kjörstaði sem eru óaðgengilegir og að starfsmenn á kjörstað fái ekki þjálfun varðandi aðgengi eða kosningaþátttöku fatlaðs fólks, t.d. rétt þess til aðstoðar þar sem slíkur réttur er fyrir hendi. Afar sjaldgæft er að starfsfólk á kjörstað eða eftirlitsmenn með kosningum séu úr hópi fatlaðs fólks. Í sumum löndum á fatlað fólk einnig erfitt með að fá gild persónuskilríki sem er forsenda þess að geta kosið. Loks bendir IFES (2014) á að samtök fatlaðs fólks víða um heim hafi takmarkaða reynslu af því að berjast fyrir stjórnmálaréttindum og stjórnmálaþátttöku fatlaðs fólks.

Áður en kemur að kosningunum sjálfum stendur sumt fatlað fólk frammi fyrir hindrunum varðandi rétt til stjórnmálaþátttöku, annaðhvort varðandi kjörgengi eða kosningarétt. Víða um heim er í gildi kosningalöggjöf sem mismunar fötluðu fólki. Savery (2015) bendir á að í Ástralíu sé fólk með þroskahömlun útilokað frá kosningum með lögum frá árinu 1918 (Commonwealth Electoral Act) en þar er kveðið á um að þeir, sem eru með „vanheilan huga“ (e. *unsound mind*), megi ekki kjósa. Þessi lög eru enn í gildi. Savery heldur því fram að hugtakið vanheill hugur sé „úrelt og gamaldags orðferi sem hafi enga læknisfræðilega merkingu“ og að „ákveðinu sé augljóslega beint að einstaklingum með þroskahömlun eða sálfélagsleg vandamál“ (Savery 2015, 289).

Savery bendir á að það eina sem þurfi til að útiloka einhvern frá þátttöku í áströlskum kosningum sé undirrituð yfirlýsing frá heilbrigðisstarfsmanni sem vottar að viðkomandi einstaklingur sé með vanheilan huga. Í sumum Evrópulöndum, svo sem Slóveníu, er allt fólk með þroskahömlun og sálfélagleg vandamál einnig útilokað frá því að kjósa, en í öðrum löndum er þessi útilokun takmörkuð við fólk sem hefur verið svipt sjálf-ræði (Waddington 2013). Í nokkrum nýlegum skýrslum frá FRA er lýst áhyggjum vegna hindrana fatlaðs fólks til stjórnmálaþátttöku, ekki síst þátttöku í kosningum (FRA 2010, 2014, 2015). Rannsóknir sem stofnunin hefur gert í aðildarríkjum Evrópusambandsins sýna meðal annars að þrátt fyrir þá vernd sem eigi að felast í mannréttindasáttmálum sé fatlað fólk „í mörgum aðildarríkjum ESB svipt kosningarétti með beinum hætti eða að fólk missir kosningarétt sjálfkrafa þegar það er svipt gerhæfi“ (FRA 2010, 12).

## 2.2 Kosningar

Kosningatímabilið er lengra en kjördagurinn sjálfur og nær yfir alla kosningabaráttuna. Hér bendir IFES (2014) á mikilvægi þess að stefnuskrár stjórnmálaflokka séu aðgengi- legar mismunandi hópum fatlaðs fólks en reyndin er sú að það er afar sjaldgæft. Þá bendir IFES á að rannsóknir sýni að stjórnmálaflokkar fjalli sjaldan um mál sem eru mikilvæg fyrir fatlaða kjósendur og að sjaldgæft sé að fatlað fólk sé meðal frambjóðenda. Vefsíður kjörstjórna, stjórnmálaflokka og fjölmiðla, og efni sem dreift er fyrir kosningar (m.a. upplýsingar um kosningar eða upplýsingar um stefnu stjórnmálaflokka) er oft óaðgengilegt fötluðu fólki, sérstaklega fólki með þroskahömlun og ýmiss konar skyn- skerðingar, t.d. þegar lesvélar geta ekki lesið efnið, ekki er lýsing á myndefni, efnið ekki á táknmáli og ekki á auðlesnu formi. Upplýsingar um sjálfar kosningarnar og skilaboð frambjóðenda eru iðulega á formi sem einkennist af torskildri stjórnmálalegri orðræðu sem getur jaðarsett og útilokað fólk með þroskahömlun (Holland 2016).

Í rannsóknum eru óaðgengilegir kjörstaðir oft nefndir sem ein helsta hindrunin í vegi þess að fatlað fólk geti tekið þátt í almennum kosningum (Schur, Adya & Ameri 2015). Slíkar hindranir eru mismunandi eftir því hvers konar skerðingu fólk hefur og hversu alvarleg hún er en þessar hindranir tengjast meðal annars aðgengi að ferðaþjónustu til að komast á kjörstað, hindranir varðandi aðgengi að byggingunni eða að kjörklefanum, eða hindranir varðandi það að hreyfihamlað fólk eða fólk með sjónskerðingu geti merkt við á kjörseðilinn. Rannsóknir sýna að þegar litið er til þátta sem snúa að aðgengi kemur í ljós að starfsmenn kjörstjórna hafa lítinn eða þröngan skilning á því sem snýr að skerðingum og fötluðu fólki (McCull o.fl. 2015). Miller og Powell (2015) benda á að lagasetningar í sumum ríkjum Bandaríkjanna geri kröfu um að kjörstaðir hafi rafrænan búnað til að að- stöða fatlaða kjósendur en í reynd gagnast þessi búnaður víðast hvar aðeins fólki sem er blint eða sjónskert. Með tilvísun í Jones og Simons (2012) segja Miller og Powell 2015, 32) að „slík löggjöf krefjist aðeins einnar tegundar af búnaði og mistakist því að leysa vanda fólks með aðrar skerðingar“. Sá búnaður sem krafist er getur, svo dæmi sé tekið, ekki leyst hindranir sem varða aðgengi að kjörstaðnum eða kjörklefanum. Hins vegar sýna niðurstöður Miller og Powell (2015, 44) að heyrnarskert fólk er síður útilokað frá kosningaþátttöku en annað fatlað fólk, sem gefur til kynna mikilvægi þess að til staðar sé



þekking og skilningur á því hversu fjölbreyttur hópur fatlað fólk er og hversu flókið sé að tryggja aðgengi alls fatlaðs fólks að kosningaþátttöku.

Rannsóknir sýna að fólk með þroskahömlun og fólk með geðræn vandamál mætir flestum hindrunum þegar kemur að kosningum (FRA 2010). Þar kemur meðal annars fram að fólk með þroskahömlun mætir margs konar hindrunum og erfiðleikum við að kjósa og fáir í þeim hópi kjósa. Ýmsar ástæður hafa verið nefndar sem orsök þessa, svo sem vanþekking fólks með þroskahömlun á þáttum tengdum kosningum og skortur á vilja foreldra, aðstandenda eða stuðningsaðila til að aðstoða fólk til þátttöku (Agran, MacLean & Andren 2015). Sama rannsókn sýndi jafnframt að meðal annarra þátta sem útilokaði fólk með þroskahömlun frá stjórnmálaþátttöku er að kosningabæklingar og annað efni var ekki til á auðlesnu máli, kjörstaðir voru óaðgengilegir og erfitt var að fá að kjósa því að illa upplýst eða fordómafullt starfsfólk á kjörstöðum vísaði fólki frá (Agran, MacLean & Andren 2015). Í sumum löndum, svo sem í Bandaríkjunum, verður fólk að skrá sig sem kjósendur. Margir hafa bent á að þetta sé til þess fallið til að útiloka ákveðna hópa fólks frá kosningaþátttöku því skráningarferlið geti útilokað fólk með takmarkaða færni til að lesa eða þá sem búa á stofnunum eða annarri sérgreindri búsetu (Agran, MacLean & Andren 2015; Holland 2016).

### 2.3 Eftir kosningar

Að loknum kosningum er mikilvægt að niðurstöður þeirra séu birtar á aðgengilegu formi en IFES (2014) bendir á að fjölmiðlar séu víða á óaðgengilegu formi fyrir suma hópa fatlaðs fólks, sem veldur því að þessir hópar fatlaðra kjósenda eru stundum síðastir til að fá upplýsingar um niðurstöður kosninga. IFES telur einnig að þegar stjórnvöld meta hvernig kosningar hafi gengið fyrir sig og hvaða lærdóma megi draga af framkvæmd þeirra sé afar sjaldgæft að fatlað fólk og samtök þess taki þátt í slíku mati. Flest samtök fatlaðs fólks hafa úr litlum fjármunum að spila og eru þar að auki oft illa að sér varðandi kosningarétt fatlaðs fólks. Að mati Priestley og féлага (2016) gerir þetta það að verkum að þau eiga erfitt með að veita fræðslu um borgaraleg réttindi fatlaðs fólks og taka þátt í langtíma stefnumótun um kosningar. Víða ná kröfur fatlaðs fólks um umbætur á kosningalögum ekki hljómgrunni meðal stjórnvalda, óskir hópsins um að fatlað fólk verði aðilar að opinberum kjörstjórnnum eru ekki teknar alvarlega og kvörtunarleiðir varðandi undirbúning og framkvæmd kosninga eru oft ekki aðgengilegar (IFES 2014). Loks bendir IFES (2014) á að fræðsla um borgaraleg réttindi sem fram fer innan og utan skólakerfisins fjallar sjaldnast um réttindi fatlaðs fólks og almennar upplýsingar um borgaraleg réttindi eru ekki á aðgengilegu formi.

## 3. Valdefling eða valdskerðing til kosningaþátttöku

Allt framantalið getur hindrað þátttöku fatlaðs fólks í almennum kosningum eða gert hana erfiðari, tímafrekari, kostnaðarsamari og önuðri og getur skýrt hvers vegna fatlað fólk kemur síður á kjörstað en aðrir (Schur, Adya & Ameri 2015). Þetta vekur upp spurningar um hverju það skiptir að fatlað fólk hafi sama aðgang og aðrir borgarar til stjórnmálaþátttöku, en ljóst er að það mætir fjölmörgum hindrunum varðandi kosningar og

stjórnmálaþátttöku almennt. Sumar af þessum hindrunum eru þekktar um allan heim, meðal annars þar sem svipting lögræðis meinar fólki sjálfkrafa um réttinn til að kjósa. Aðrar hindranir virðast vera staðbundnari og afleiðing af þekkingarleysi stjórnvalda eða kjörstjórna og starfsmanna þeirra á málefnum sem snúa að fötluðu fólki. Þá benda rannsóknir til þess að jafnvel óviljandi hindranir vegna þekkingarleysis geti virkað á þann veg að senda skilaboð um að fatlað fólk sé ekki fullgildir þegnar, það sé ekki velkomið og að þátttaka þess í lýðræðislegum athöfnum svo sem kosningum sé ekki álitin mikilvæg eða réttmæt (IFES 2004).

European Union Agency for Fundamental Rights (FRA 2010) heldur því fram að eitt af því sem skiptir mestu máli við Samning SP um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) sé að hann boði grundvallarbreytingu á því hvernig skilja beri fötlun. Fatlaðir borgarar eru skilgreindir sem gerendur með einstaklingsbundin réttindi fremur en viðföng góðgerðar, velferðar, lækninga eða endurhæfingar eins og áður var álitid. Jafnframt krefjst samningurinn þess að félagslegt, efnahagslegt og stjórnmálalegt umhverfi þurfi að breytast og laga sig að mannlegum margbreytileika þannig að fatlað fólk geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu (FRA 2010). Ef stjórnmálafríð er fjandsamlegt, skeytingarlaust og óaðgengilegt fötluðu fólki leiðir það til viðvarandi hindrana á borgaralegum grundvallar-réttindum þess. Slíkt getur leitt til ástands þar sem sumum hópum samfélagsins finnst þeir ekki vera mikilvægir, sem síðan getur skapað skeytingarleysi og áhugaleysi gagnvart félagslegum stofnunum svo sem kosningaferlinu og þeim stofnunum sem kosið er til. Stjórnmálamenn geta gert illt verra og aukið á reiði og gremju með því að sniðganga jaðarsetta hópa og þeirra málefni eða fjalla um málefni þeirra af þekkingar- eða virðingarleysi. Holland (2016) bendir á að

... lítil kosningaþátttaka er birtingarmynd mun stærra vandamáls sem felst í litlum áhuga almennings og ákveðinna hópa á samfélagsþátttöku og skorti á tengingu við samfélagsmál almennt. Þetta er samfara hnignandi trú á stjórnmálum og hlutverki þeirra í samfélaginu og þeirri skoðun að allir flokkar séu eins, allir stjórnmálamenn séu eins, þeir séu ekki eins og við, og að þátttaka skipti ekki neinu máli (Holland 2016, 7).

Dæmi um valdskerðandi og umdeildar tilraunir til að gera fötluðu fólki kleift að kjósa utan hinna hefðbundnu kjörstaða eða kjörklefa felast í því að nota póstkosningar eða rafrænar aðferðir. Í fljótu bragði virðist þetta ákjósanleg lausn. Til dæmis hefur mjög verið haldið á lofti möguleikum hreyfihamlaðs fólks til að geta kosið í póstkosningum. Í reynd hefur þetta skapað ýmiss konar vandamál. Schur, Adya og Ameri (2015) halda því fram að þótt póstkosningar geti komið til móts við fólk sem er hreyfihamlað þá mæti það ekki þörfum annarra fatlaðra einstaklinga svo sem sjónskertra, nema með sérstökum aðgerðum, og leysi ekki vanda varðandi flókna og illskiljanlega kjörseðla sem eru með leiðbeiningum sem erfitt er að átta sig á. Rannsókn Matsubayashi og Ueda (2014) bendir til þess að póstkosningar virðist auka þátttöku fatlaðs fólks en að þessi aðferð



nái ekki almennt eða jafnt til allra skerðingarhópa. Þá hafa Schriener og Shields (1998) rökstutt að atkvæðagreiðsla með pósti sé ekki mjög framsækin leið til að mæta fötluðu fólki. Þeir benda á að sumir líti á þetta sem annars flokks þátttöku í stjórnmálum og að póstkosningar létti eitthvað af þeim þrýstingi sem er á stjórnvöldum að gera kjörstaði aðgengilega en leysi síður en svo vanda við aðgengi að kosningum (Schriener og Shields 1998). Jafnframt geti þetta, eins og Schur o.fl. (2002) benda á, sent þau skilaboð að fatlað fólk sé í raun ekki velkomið á kjörstað eða sem kjósendur og geti aukið á tilfinningu jaðarsetningar og valdaleysis. Póstkosningar og rafrænar kosningaaðferðir ætlaðar fyrir fatlaða kjósendur geti því leitt til þess að auka enn á þá tilfinningu að fatlað fólk skipti ekki máli í stjórnmálalífi og komið í veg fyrir vilja til eða áhuga á að kjósa. Þá hefur verið bent á að nærvera fatlaðs fólks á kjörstað sé ekki einungis persónulega valdeflandi, heldur auki hún jafnframt sýnileika fatlaðs fólks sem virkra borgara. Ef fatlað fólk kys úr fjarlægð með pósti eða á rafrænan hátt þá verður almenningur ekki vitni að fötluðu fólki sem hluta af og þátttakendum í stjórnmálaferlinu. Þó að þessar aðferðir geti aukið á kosningaþátttöku sumra fatlaðra einstaklinga þá geta þær einnig haft neikvæð áhrif og leitt til þess að sumir verða „ósýnilegir borgarar“ (Prince 2009) þar sem ákvednir þjóðfélags hópar eru ekki þátttakendur í athöfnum og atburðum sem gefa til kynna borgaralega virkni, svo sem þátttöku í almennum kosningum (McCull o.fl. 2015).

Sú athöfn að kjósa felur í sér fjölmargar tengingar við stjórnmál almennt og snertir fleira en aðeins einstaklinginn sem kys hverju sinni. Þátttaka í kosningum er nátengt því hvað felst í stjórnmálaþátttöku almennt og borgaralegri virkni. Priestley o.fl. (2016) halda því fram að það að gera kosningar aðgengilegar sé jafn mikilvægt og að tryggja lagalegan rétt til kosningaþátttöku. Það beri líka að hafa í huga að þessi réttur þurfi augljóslega að ná til fleiri sviða en aðeins athafnarinnar að kjósa, svo sem að taka þátt í kosningaumuræðu, kosningabaráttu og vera í framboði. Jafnframt þurfi að leggja áherslu á að gera baráttuhreyfingum og samtökum fatlaðs fólks mögulegt að eiga aðild að stjórnmálum í heild fremur en að beina sjónum eingöngu að fötluðum einstaklingum sem kjósendum (Priestley o.fl. 2016). Guldvik, Askheim og Johansen (2013) benda á að það sé vanda-mál hversu fátt fatlað fólk er meðal kjörinna fulltrúa sveitarstjórna og landsþinga. Það hafi áhrif á hvernig lítið er á hlutverk þess sem virkra borgara og einnig á það vægi sem málefni fatlaðs fólks hefur á forgangslistum stjórnmálanna. Í anda Nancy Fraser (1997) varpa þau fram þeirri spurningu að hvaða marki félagslegt réttlæti er mögulegt ef borgararnir hafa engan vettvang til samskipta sem jafningjar og ef áhrif þeirra eru takmörkuð. Kosning getur verið valdeflandi á táknrænan hátt en hefur takmarkaðan tilgang ef fáar leiðir eru færar til að hafa bein áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku. Ennfremur benda Guldvik, Askheim og Johansen (2013) á að þegar fötluð manneskja er kosin til embættis þá sé það móðgandi að gefa sér að eina áhugamál viðkomandi eða áhersla í stjórnmálum sé á málefni fatlaðs fólks. Þau skrifa:

Á sama hátt og konur og fólk úr þjóðernisminnihlutahópum, þá hefur fatlað fólk rétt á að vera einstaklingar og ekki sett í það afmarkaða hlutverk að vera einvörðungu fulltrúar síns félagslega hóps. Það er þess

vegna grundvallaratriði að röksemdir byggðar á lýðræði og réttlæti séu meginundirstaða allrar stjórnmalapáttöku, líka stjórnmalapáttöku fatlaðs fólks (Guldvik, Askheim & Johansen 2013, 87).

Mattila og Papageorgiou (2016) hafa einnig fjallað um hið víðara samhengi fötlunar og stjórn mála og benda á að rannsóknir gefi til kynna að fatlað fólk sé mjög virkir þátttakendur í stjórn málum og að þátttaka þess sé fjölbreytt, svo sem þátttaka í mótmælum og við að nota ýmsar leiðir til að koma á framfæri kröfum sínum við stjórnmalamenn. Höfundarnir gera ekki lítið úr því að kjósa, en benda á að kosningin sjálf hafi takmörkuð áhrif á þætti sem snúa beint að fötluðu fólki og hagsmunum þess nema að þau mál séu á hinni pólitísku dagskrá. Að kjósa ákveðinn stjórnmalaflokk leiðir sjaldan til merkingarþærra breytinga fyrir einstaklinginn. Mótmæli eru hins vegar vettvangur þar sem aðgerðarsinnar geta sett mál á dagskrá. Slík sameiginleg athöfn getur verið valdeflandi í sjálfri sér og getur orðið til að tryggja að málefni, sem skipta miklu fyrir fatlað fólk, séu sett á hina pólitísku dagskrá.

Alþjóðlegar rannsóknir sýna svo ekki er um villst að fjarlægja þarf ýmsar hindranir til að auka kosningapáttöku fatlaðs fólks. Lagasetningar eru mikilvægar ekki síður en alþjóðlegir mannréttindasáttmálar svo sem Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) sem Alþingi samþykkti að fullgilda 23. september 2016, en samkvæmt 29. grein samningsins skuldbinda aðildarríki hans sig til að „tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórn málum og opinberu lífi til jafns við aðra“. Hér á eftir er leitast við að tengja framangreinda umfjöllun við íslenskar aðstæður, draga fram helstu hindranir sem mæta fötluðu fólki varðandi þáttöku í kosningum hér á landi, lagasetningar og skyldur ríkisins til að stuðla að og tryggja þáttöku fatlaðs fólks í kosningum.

## 4. Fatlað fólk og kosningar á Íslandi

Þar sem ekki eru fyrir hendi rannsóknir eða tölfræðileg gögn um kosningapáttöku fatlaðs fólks á Ísland verður hér stuðst við upplýsinga og gögn frá heildarsamtökum fatlaðs fólks en leitað var til Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar um reynslu þeirra af kosningapáttöku fatlaðs fólks og um baráttu þessara samtaka fyrir aðgengi fatlaðs fólks að kosningum. Til grundvallar var lögð reynsla af tvennum nýafstöðnum kosningum, forsetakosningum sumarið 2016 og alþingiskosningum haustið 2016. Fyrst fjöllum við þó um þau atriði íslenskra kosningalaga sem skipta máli fyrir fatlað fólk.

### 4.1 Kosningalög og þátttaka fatlaðs fólks í kosningum á Íslandi

Íslenska stjórnarskráin (grein 33) kveður svo á um að allir íslenskir ríkisborgarar, sem eru orðnir 18 ára eða eldri, hafi kosningarétt. Jafn kosningaréttur allra borgaranna er ein grundvallarforsenda lýðræðis. Í sumum löndum er kosningaréttur takmarkaður við sjálf ráða einstaklinga en á Íslandi eru engar slíkar formlegar takmarkanir gerðar. Í lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 eru ákvæði sem snúa sérstaklega að fötluðu fólki. Slík ákvæði eru meðal annars í 63. grein um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og í 86. grein

um atkvæðagreiðslu á kjörfundum. Í þessum greinum er að finna ákvæði um rétt fatlaðs fólks til aðstoðar við að kjósa. Í grein 66(3) segir:

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli . . . Aðstoð við að árita kjörseðil skal því aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Þetta ákvæði veitir einungis heimild til að starfsfólk kjörstjórna veiti fötluðu fólki aðstoð við að greiða atkvæði. Bæði samtök fatlaðs fólks og fatlaðir einstaklingar mótmæltu þessu og kröfðust þess að lögum yrði breytt þannig að fatlað fólk gæti sjálft ráðið því hver aðstoðaði það við að greiða atkvæði. Árið 2012 var kosningalögum breytt þannig að við bættist grein sem kvað á um með hvaða hætti fatlað fólk gæti fengið aðstoð frá einstaklingi að eigin vali (lög nr. 111/2012). Eftirfarandi ákvæði um aðstoð við atkvæðagreiðslu var bætt við greinar 63 og 86:

Ef svo háttar um hagi kjósanda er greinir í 3. mgr. og hann óskar eftir að fulltrúi, sem hann hefur valið sjálfur, aðstoði hann við að greiða atkvæði skal kjörstjóri gera hlé á atkvæðagreiðslunni þar til aðrir kjósendur, sem kunna að vera viðstaddir, hafa lokið við að greiða atkvæði. Fulltrúi kjósandans skal víkja frá. Kjörstjóri skal strax taka beiðni kjósanda til úrskurðar. Kjörstjóri skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna geti kjósandi sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra vilja sinn óþvingað um að hann óski aðstoðar fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur. Geti kjósandi ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra þennan vilja sinn skal kjörstjóri heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósandinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem staðfest er að kjósandi hafi valið sjálfur tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Uppfylli kjósandi ekki framangreind skilyrði verður ekki af atkvæðagreiðslu með þessum hætti. Kjörstjóri skal geta um ákvörðun sína á skrá skv. 1. mgr. og tilgreina ástæður fyrir henni. Ákvörðun kjörstjóra er endanleg. Heimili kjörstjóri fulltrúa kjósanda að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna skal atkvæðagreiðslu haldið áfram og aðstoðarinnar getið á fylgibréfinu. Fulltrúi kjósanda er bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem honum og kjósenda fer á milli við atkvæðagreiðsluna. Í því skyni staðfestir hann heit

sitt áður en atkvæði er greitt með undirritun á sérstakt eyðublað. Við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er fulltrúa kjósandans óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu.

Nákvæmlega sömu breytingar voru gerðar árið 2012 á lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Nokkur atriði vekja sérstaka eftirtekt við þessar breytingar á kosningalögum. Í fyrsta lagi má nefna að þau ákvæði sem lúta að því að fatlað fólk geti sjálft valið hver aðstoðar það við atkvæðagreiðslu eru ákaflega flókin. Í öðru lagi er framkvæmdin á vali aðstoðarmanns íþyngjandi fyrir alla aðila sem eru viðstaddir enda þarf að gera hlé á atkvæðagreiðslu til að skera úr um hvort fatlaði kjósandinn hafi í raun sjálfur valið aðstoðarmanninn, og ef fatlaði kjósandinn tjáir sig á óhefðbundinn máta, talar til dæmis táknmál eða á erfitt með að tjá sig, þá eru engin ákvæði um táknmálstúlk eða aðra aðstoð fyrir viðkomandi. Slíkar aðstæður geta skapað talsverða rekistefnu og erfiðleika sem tekur tíma að leysa úr eða getur jafnvel endað á því að fötluðum kjósanda er vísað frá kjörstað á grundvelli þess að geta ekki tjáð sig á þann hátt sem starfsmenn kjörstjórnar skilja. Á meðan verið er að skera úr um þessi atriði biða allir aðrir kjósendur, sem augljóslega getur valdið streitu og gremju hjá öllum aðilum og verið niðurlægjandi fyrir fatlaða kjósandann. Hindranir af þeim toga sem hér eru raktar eru tæpast viðunandi í lýðræðisríki.

Í þriðja lagi vekur það athygli að ekki skuli hafa verið notað tækifærið þegar verið var að breyta kosningalögum varðandi aðstoð við að kjósa og horfið frá hinu forneskjulega orðalagi að kjósendur eigi rétt á aðstoð sé hann „eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt ... sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“. Þetta orðalag er ótrúlega forneskjulegt og í engu samræmi við nútímaorðalag eða skilning á fötluðu fólki. Eftir stendur hins vegar að aðeins þeir sem búa við sjónskerðingu eða hreyfihömlun geta, samkvæmt framangreindum ákvæðum í kosningalögum, átt rétt á aðstoð til að kjósa með aðstoð fulltrúa að eigin vali. Þetta útilokar hópa fólks með aðrar skerðingar sem þurfa aðstoð við að kjósa, til dæmis fólk með þroskahömlun sem getur þurft aðstoð, fólk á einhverfurófi sem á erfitt með að tjá sig í viðurvist ókunnugra og við nýjar og óþekktar aðstæður. Þá geta einstaklingar með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu svo og aðrir, sem nota óhefðbundin tjáskiptaform, verið útilokaðir frá því að kjósa með fulltrúa að eigin vali á grundvelli þess að geta ekki „með skýrum hætti tjáð kjörstjóra vilja sinn óþvingað“ (eins og segir í lögnum) vegna þess að kjörstjóri skilur ekki tjáningarmáta viðkomandi manneskju.

Ljóst er að þær breytingar sem gerðar voru á kosningalögum árið 2012 voru ákaflega íhaldssamar, þröngsýnar og endurspeglar fornleg viðhorf og skort á þekkingu á nútímakröfum um full mannréttindi fatlaðs fólks, meðal annars ákvæði Samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks. Þá eru reglur um að fólk geti sjálft valið sér aðstoðarmann við að greiða atkvæði ákaflega flóknar og þunglamalegar í framkvæmd. Hér virðast því blasa við sömu hindranir varðandi kosningalög og framkvæmd kosninga og finna má víða í öðrum löndum og voru raktar hér að framan.

#### 4.2 Tillögur til breytinga á kosningalögum

Forseti Alþingis skipaði vinnuhóp til að endurskoða kosningalög í júní 2014. Hópurinn skilaði skýrslu og drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis í ágúst 2016 (Alþingi 2016). Í skýrslu vinnuhópsins kemur fram að fulltrúar Landssamtakanna Þroskahjálpar hafi komið á fund hópsins í maí 2015. Í skýrslunni segir: „Farið var yfir aðstoðu skjólstæðinga félagsins og möguleika til þess að bæta hana enn frekar. Fram kom af hálfu félagsins að lögð væri áhersla á að tryggja bæri að fólk gæti nýtt rétt sinn til þátttöku í kosningum með nauðsynlegri aðstoð.“ Jafnframt segir að Landssamtökin Þroskahjálpar hafi, með vísan í breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við kosningu), lög nr. 111/2012, bent sérstaklega á „að fólk með þroskahömlun, margt hvert, geti sökum fötlunar sinnar átt erfitt með að koma vilja sínum með tryggum hætti á framfæri á kjörseðli og að mati samtakanna hefði ekki verið úr því bætt með lagabreytingunni“ (Alþingi 2016, 36). Ábendingar fulltrúa Þroskahjálpar um að tryggja bæri að fólki með þroskahömlun væri tryggður réttur til þátttöku í kosningum skilaði engu því að í tillögukafli skýrslunnar segir meðal annars:

Með lögum nr. 111/2012 voru sett ítarlegri ákvæði um rétt manns til aðstoðar ef kjósandi er eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf. Vinnuhópurinn hefur fengið ábendingar um að ekki hafi verið gengið nægilega langt með lagabreytingunni, sbr. athugasemd Landssamtakanna Þroskahjálpar ... Vinnuhópurinn telur rétt að vekja athygli Alþingis á þessum athugasemdum. Hann leggur þó ekki til að gerðar verði frekari breytingar á kosningalögum hvað þetta varðar (Alþingi 2016, 18).

Einu breytingatillögurnar til að auka möguleika fatlaðs fólks til að nýta þau borgaralegu grundvallarréttindi að kjósa virðist vera að finna í eftirfarandi klausu í tillögum vinnuhópsins: „Að hugað verði að því hvernig bæta megi aðgengi að kjörstöðum og kjördeildum þannig að sem best verði komið til móts við mismunandi þarfir fólks“ (Alþingi 2016, 18). Ljóst er því að í fyrirliggjandi tillögum til breytinga á kosningalögum er ekki að finna áætlanir eða ákvæði sem uppfylla skilyrði Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks varðandi jafnrétti, bann við mismunun á grundvelli fötlunar og rétt til virkrar og fullrar þátttöku í stjórnámálum, þar með töldum kosningum, og í opinberu lífi til jafns við aðra.

#### 4.3 Samtök fatlaðs fólks og kosningar<sup>6</sup>

Leitað var til Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands um viðhorf þeirra og reynslu af ofangreindum breytingum á kosningalögum um aðstoð við fatlað fólk til að kjósa og almennt um aðgengi fatlaðs fólks til að taka þátt í kosningum hér á landi.

Eins og lýst er hér að framan þá gagnrýna Landssamtökin Þroskahjálpar þær breytingar sem gerðar voru á kosningalögum árið 2012 um aðstoð við að kjósa (lög nr. 111/2012).

Þau bentu á að kosningalögin hefðu verið endurskoðuð með það að markmiði að tryggja að fólk gæti sjálft valið þann einstakling sem aðstoðaði það við kosningar. Þroskahjálpar benti á að þessar breytingar hefðu gerst mjög hratt og að samtökin hefðu gert alvarlegar athugasemdir við það að val á aðstoðarmanni skyldi takmarkast við kjósenda sem ekki getur kosið upp á eigin spýtur „sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“. Landssamtökin Þroskahjálpar gerðu kröfu um að þetta ákvæði næði til fleiri hópa, meðal annars til fólks með þroskahömlun sem þarf aðstoð við að kjósa. Barátta samtakanna skilaði engum árangri. Landssamtökin Þroskahjálpar telja að þessi ákvæði kosningalaga feli í sér mismunun á grundvelli fötlunar, mismunun sem felist í því að sumir geti fengið stuðning til að kjósa með fulltrúa að eigin vali, aðrir ekki þótt þeir þurfi ekki síður á stuðningi að halda. Þroskahjálpar telur jafnframt að þessi ákvæði séu brot á jafnræðisreglu og eru afar ósátt við að hvorki skuli hafa orðið við kröfum þeirra við síðustu lagabreytingar né varðandi tillögur í vinnuhóps Alþingis um breytingar á kosningalögum (Alþingi 2016). Samtökin benda á að breytingarnar 2012 séu vissulega réttarbot fyrir suma en niðurlægjandi fyrir aðra.

Landssamtökin Þroskahjálpar telja að helstu rök stjórnvalda fyrir því að fólk með þroskahömlun fái ekki að velja sér sjálft aðstoðarmann við að kjósa, séu þau að hætta sé á að aðstoðarmaðurinn hafi óviðeigandi afskipti eða áhrif á það hvað viðkomandi manneskja með þroskahömlun kys. Frá sjónarhóli Landssamtakanna Þroskahjálpar halda þau rök alls ekki. Nánast allir verði fyrir áhrifum annarra varðandi það hvað fólk kys og óljóst hvenær þau áhrif eru viðeigandi eða ekki. Samtökin benda á að alls konar upplýsingar, áróður og þrýstingur sé hafður uppi fyrir kosningar, af hálfu einstaklinga, stjórnmalaflokka, samfélagsmiðla og gegnum fjölmiðla. Það er því enginn óhultur fyrir ýmiss konar utanaðkomandi áhrifum. Landssamtökin Þroskahjálpar telja að hinn grundvallandi lýðræðislegi réttur til að greiða atkvæði vegi mun þyngra en hugsanleg áhrif aðstoðarmanns á það hvert kjósendi með þroskahömlun beinir atkvæði sínu. Í þessu sambandi benda samtökin á að ekki er gerð krafa um lágmarks greindarvísitölu til að fá að kjósa og engar kröfur uppi um að fólk hafi kynnt sér stefnuskrár stjórnmalaflokka. Hver og einn kjósi að eigin vali, með og án utanaðkomandi áhrifa, upplýst eða óupplýst. Það eigi að vera réttur fólks með þroskahömlun, jafnt og annarra, að kjósa þannig að öðrum þyki örökrétt eða rangt í pólitísku tilliti.

Landssamtökin Þroskahjálpar nefndu sérstaklega vandkvæði fólks með þroskahömlun við að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslum, en þær lúta sömu lögum og aðrar kosningar. Við þjóðaratkvæðagreiðslu, til dæmis varðandi breytingar á stjórnarskrá, geta spurningar verið nokkuð flóknar og kallað bæði á lestrargetu og lesskilning. Hvort tveggja eru atriði sem margt fólk með þroskahömlun á í erfiðleikum með. Í þeim tilvikum verður jafnvel enn alvarlegra en í kosningum um listabókstafi að lögin skuli ekki leyfa persónulega aðstoð við fólk með þroskahömlun. Landssamtökin Þroskahjálpar sögðust ítrekað hafa bent hlutaðeigandi stjórnvöldum á þetta atriði en án árangurs. Samtökin segjast munu halda áfram að berjast fyrir breytingum á kosningalögum og framkvæmd kosninga til að auka möguleika alls fatlaðs fólks til að kjósa og draga úr hindrunum í vegi þessara mikilvægu lýðræðislegu réttinda.



Hjá Öryrkjabandalagi Íslands kom fram að bandalagið kannaði aðgengi fyrir forsetakosningar í júní 2016 og alþingiskosningar í október 2016. Fyrir forsetakosningarnar voru öllum frambjóðendum sendar spurningar um aðgengi að kosningaskrifstofum og vefsíðum frambjóðenda. Í ljós kom að aðgengi var ákaflega mismunandi og talsvert vantaði upp á víða að gætt væri að því að aðgengi væri fullnægjandi, bæði varðandi kosningaskrifstofur og vefsíður. Margir frambjóðendur höfðu takmarkað fjármagn til að sinna þeim málum sem lúta að aðgengi og sumir frambjóðendur voru ekki með kosningaskrifstofur.

Öryrkjabandalagið kannaði einnig aðgengi að kosningaskrifstofum og vefsíðum stjórnmalaflokka fyrir alþingiskosningarnar 2016. Sendar voru spurningar til allra stjórnmalaflokka sem buðu fram. Meðal annars var spurt um það hve margar kosningaskrifstofur flokkurinn ræki, hvort þær væru aðgengilegar fyrir fatlað fólk, svo sem hvort næg P-merkt bílastæði væru fyrir hendi, lágir þröskuldar, rampar, aðgengileg salerni og fleira. Þá var á vegum Öryrkjabandalagsins gerð úttekt á vefsíðum stjórnmalaflokkanna með tilliti til aðgengis fyrir blinda, sjónskerta og hreyfihamlaða. Niðurstaða úttektarinnar var að vefsíður allra flokka væru óaðgengilegar. Að svo búnu var öllum flokkum send áskorun um að bæta aðgengi að vefsíðum. Svör bárust einungis frá þremur stjórnmalaflokkum og aðeins einn flokkur fékk sérfræðing til að lagfæra aðgengi að vefsíðu flokksins. Reyndist það eina vefsíðan sem stóðst kröfur um aðgengi þegar kom að kosningum. Af könnunum Öryrkjabandalagsins má álykta að mikið skorti á aðgengi fyrir fatlað fólk þegar kemur að stjórnmalaflokkum og kosningaefni þeirra og lítill áhugi eða metnaður sé fyrir hendi til að efla aðgengi fyrir fatlað fólk. Ljóst er að fatlað fólk getur ekki treyst því að kosningaskrifstofur stjórnmalaflokka séu aðgengilegar og miklar hindranir eru á því að a.m.k. sumir hópar fatlaðs fólks geti kynnt sér stefnuskrár stjórnmalaflokka.

Fyrir alþingiskosningarnar 29. október 2016 hafði Öryrkjabandalag Íslands einnig samband við innanríkisráðuneytið og vakti athygli þess á því að engar upplýsingar væru á opinberu vefsvæði alþingiskosninganna<sup>7</sup> um aðgengi að kjörstöðum. Samkvæmt upplýsingum frá Öryrkjabandalaginu var svar ráðuneytisins á þann veg að það væru „sveitarfélögin sem ákveða og auglýsa kjörstaði og bera ábyrgð á því að aðgengismálin séu í lagi“ en að upplýsingar um kjörstaði yrðu teknar saman og birtar á vefnum fyrir kosningar. Þegar engar upplýsingar um þetta efni höfðu verið birtar á kosningavefnum þann 18. október óskaði Öryrkjabandalagið eftir fundi með innanríkisráðuneytinu um málið. Á fundinum var fulltrúum Öryrkjabandalagsins bent á að senda ábendingar um aðgengi til yfirkjörstjórna. Var farið að því ráði enda augljóst að innanríkisráðuneytið ætlaði sér ekki að sinna þessu verkefni.

Málefnaþingur Öryrkjabandalagsins um aðgengi sendi lista með ábendingum um aðgengi að kjörstöðum til allra sex yfirkjörstjórna á landinu. Listinn var ítarlegur og innihélt leiðbeiningar um mikilvægustu þætti varðandi aðgengi að kjörstöðum og kjördeildum. Eitt svar barst með þökk fyrir ábendingarnar. Á fundinum með innanríkisráðuneytinu bentu fulltrúar Öryrkjabandalagsins jafnframt á að talsvert skorti á að opinbert vefsvæði alþingiskosninganna væri notendavænt, upplýsingar þar væru flóknar og torlesnar og skrifadar á stírdú stofnanamáli. Að sögn Öryrkjabandalagsins var fátt um svör af hálfu

ráðuneytisins sem virtist þó gera sér grein fyrir vandanum en teldi sig ekki hafa færni til að koma upplýsingum til skila á auðlesnu máli eða með öðrum aðgengilegum hætti. Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveður fast að orði (í 9. grein) um mikilvægi aðgengis á öllum sviðum (meðal annars að byggingum og upplýsingum) og í 2. grein er tekið fram að „mismunur vegna fötlunar“ merki „hvers konar aðgreiningu, útilokun eða takmörkun vegna fötlunar“. Í sömu grein er einnig tekið fram að skortur á viðeigandi aðlögun sé „mismunur vegna fötlunar“. Það verður að teljast ámælisvert að innanríkisráðuneytið, það ráðuneyti sem mannréttindi heyra undir, skuli vera svo langt frá því að uppfylla ákvæði nýjasta mannréttinasáttmálans sem Ísland undirritaði árið 2007 og fullgilti árið 2016.

## 5. Ábendingar og tillögur alþjóðastofnana

Hér á eftir er vakin athygli á nokkrum helstu ábendingum og tillögum alþjóðastofnana varðandi kosningaþátttöku fatlaðs fólks. Þessar tillögur eru fjölmargar og í sumum tilvikum afar ítarlegar. Það er því ekki mögulegt að gera þeim öllum full skil hér og þær ábendingar sem hér er fjallað um eru því langt frá því að vera tæmandi. Rétt er að minna á að allar eru tillögurnar byggðar á rannsóknum og könnunum sem alþjóðastofnanirnar hafa staðið fyrir. Með hliðsjón af íslenskri kosningalöggjöf og reynslu samtaka fatlaðs fólks af hindrunum varðandi kosningaþátttöku, svo sem rakið var hér að framan, teljum við þessar tillögur eiga fullt erindi við íslenskar aðstæður. Tillögum alþjóðastofnana er ætlað að tryggja lýðræði og borgaraleg réttindi allra þegnanna og taka mið af mannréttindasáttmálum svo sem Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Tillögur byggðar á könnun OHCHR (2011) og rannsóknum IFES (2014) eiga að stuðla að því að tryggja öllum rétt til þátttöku í frjálsum og sanngjörnum kosningum. Þessir aðilar vekja sérstaka athygli á því að SRFF boði nýja tíma varðandi mannréttindi fatlaðs fólks en sú ábending á ekki síður erindi við íslensk stjórnvöld í framhaldi af því að þau hafa nú nýlega fullgilt SRFF. Eitt af grundvallaratriðum samningsins er bann við mismun á grundvelli fötlunar (5. grein). Það á að sjálfsögðu við um borgaraleg grundvallarréttindi svo sem þátttöku í kosningum. Í 29. grein samningsins er þar að auki sérstaklega kveðið á um rétt til stjórn málaþátttöku en þar segir: „Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki stjórn málaaleg réttindi og tækifæri til að njóta þeirra til jafns við aðra“, þar með talinn réttinn til að kjósa, aðgengi að upplýsingum, að fá nauðsynlega aðstoð að eigin vali og að njóta kjörgengis.

### 5.1 Mannréttindi og stjórn málaþátttaka

Í skýrslu OHCHR (2011) er fjölmörgum tillögum ætlað að tryggja rétt fatlaðs fólks til þátttöku í stjórn mála og opinberu lífi. Svo sem vænta má af þessari deild Sameinuðu þjóðanna tengjast tillögur og ábendingar um þetta efni áherslu SP á mannréttindi á öllum sviðum. Þar er sérstaklega tekið til þess að SRFF og þá einkum 29. grein hans kveði á um skyldur ríkja til að tryggja stjórn málaþátttöku fatlaðs fólks, þar með talið þátttöku í kosningum. Tekið er fram að jafnrétti til slíkrar þátttöku er án undantekninga og allar hindranir, útilokun eða takmarkanir á stjórn málaréttindum fatlaðs fólks feli í sér mismunur á grundvelli fötlunar (sbr. 5. grein) og því brot á ákvæðum sáttmálans.

Aðildarríkjum SRFF er því skylt að tryggja þau réttindi sem kveðið er á um í 29. grein hans. Í framhaldi af fullgildingu SRFF hér á landi er því rökrétt að stjórnvöld endurskoði kosningalög með hliðstjón af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem þau hafa undirgengist með fullgildingunni.

## 5.2 Kosningalög og framkvæmd kosninga

Í tillögum sínum til að tryggja þátttöku fatlaðs fólks í kosningum leggur IFES (2014) áherslu á að mikilvægt sé að styrkja opinberar stofnanir og efla þekkingu þeirra á málefnum fatlaðs fólks. Meðal annars þurfi löggjafarþing að setja kosningalög sem tryggja kosningarétt fatlaðs fólks. Þá verði stjórnvöld að setja reglugerðir, vinnureglur og viðmið fyrir kosningastjórnir og aðra þá sem annast framkvæmd kosninga og efla þekkingu þeirra á réttindum fatlaðs fólks þannig að öllum sé tryggt aðgengi að og þátttaka í kosningum. Hér á landi skortir lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem koma í veg fyrir mismunun fatlaðs fólks varðandi aðgengi að kosningum og brýnt er að vinna við þetta fari af stað hið fyrsta. Þá leggur IFES til að þátttaka samtaka fatlaðs fólk í almennum borgaralegum samstarfsverkefnum, svo sem eftirlitsnefndum með kosningum, verði tryggð. Minnt er á að ákvæði SRFF kveða á um að náíð samráð skuli haft við fatlað fólk og samtök þess við stefnumótun, innleiðingu og eftirlit með framkvæmd samningsins (sjá greinar 4.3 og 33.3). Það á ekki síst við um innleiðingu 29. greinarinnar. Í skýrslu OHCHR (2011) kemur fram að víða um lönd sé að finna jákvæð dæmi um leiðir ríkja til að tryggja kosningarétt fatlaðs fólks. Hins vegar komi í ljós margs konar hindranir sem mæta fötludu fólki varðandi aðgengi, svo sem aðgengi að kjörstöðum eða kjörklefum og óaðgengilegar upplýsingar á kjörstað. Allt þetta hindri jafna og áhrifaríka þátttöku fatlaðs fólks í kosningum. OHCHR leggur ríka áherslu á að stjórnvöld hugi að þeim þáttum sem snúa að framkvæmd kosninga. Íslensk stjórnvöld þurfa ekki síður en aðrir að taka þessar leiðbeiningar til sín.

## 5.3 Stjórnmalaflokkar

IFES (2014) bendir á að mikilvægt sé að opinberir aðilar styðji stjórnmalaflokka til að ná til fatlaðs fólks. Áriðandi sé að hvetja fatlað fólk til þátttöku í stjórnmalum, bæði sem frambjóðendur og í öðrum hlutverkum, ekki síst í leiðandi störfum innan stjórnmalaflokka. Jafnframt þurfi að styðja stjórnmalaflokka til að hafa stefnuskrár sínar og annað efni á aðgengilegu formi svo sem táknmáli, sem hljóðskrár eða á formi sem lesvélur geta lesið, og á auðlesnu máli. Þá verði að efla þekkingu stjórnmalaflokka á því hvernig þeir geti sett fram efni sitt á aðgengilegan hátt. Stjórnvöld hér á landi þurfa að kveða á um skyldur stjórnmalaflokka varðandi þetta atriði með áherslu á að tryggja aðgengi allra að því efni sem þeir ætla kjósendum, ekki síst þeirra stjórnmalaflokka sem þiggja opinbert fé.

## 5.4 Fólk með þroskahömlun og geðræn vandamál

Alþjóðastofnanirnar sem hér er vísað til (sjá FRA 2010; IFES 2014; OHCHR 2011) vekja allar athygli á því að í meirihluta þeirra landa sem kannanir þeirra og rannsóknir ná

til eigi tveir hópar einkum á hættu að vera meinað að taka þátt í kosningum. Þetta er fólk með þroskahömlun og fólk með geðræn eða sálfélagsleg vandamál. Alþjóðastofnanir leggja því mikla áherslu á að sérstaklega sé hugað að því að þessir hópar njóti kosningaréttar og fái þá aðstoð sem nauðsynleg er til að svo geti orðið. Minnt er á að grein 29(a) (iii) í SRFF kveði á um skyldur ríkja til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að veita fötluðu fólki, sem ekki getur kosið upp á eigin spýtur, aðstoð einstaklings að eigin vali. Hér á landi hafa stjórnvöld fengið ítrekaðar ábendingar um að allir kjósendur sem þess þurfa fái viðeigandi aðstoð að eigin vali. Fram til þessa hafa stjórnvöld ekki orðið við slíkum beiðnum.

### 5.5 Óhefðbundnar kosningaaðferðir

Í skýrslu OHCHR (2011) kemur fram að ríki hafa reynt ýmsar leiðir til að gera fötluðu fólki kleift að kjósa, svo sem með póstkosningu, kosningu á sérstökum kjörstöðum sem hafa verið útbúnir sérstaklega fyrir fatlað fólk og er ætlað að ýta undir kosningaþátttöku þess. Sums staðar er einnig heimilt að kjósa í heimahúsum og á stofnunum fyrir fatlað fólk. OHCHR hefur miklar efasemdir um þessar aðferðir og bendir á að óhefðbundnum aðferðum til að kjósa ætti aðeins að beita í tilvikum þar sem ekki er mögulegt eða ákaflega erfitt fyrir fatlað fólk að kjósa á almennum kjörstöðum. Ef hin almenna regla væri að fatlað fólk ætti að kjósa á aðgreindum kjörstöðum væri það ekki í samræmi við almennar skuldbindingar sem ríki gangast undir í greinum 4 og 29 í SRFF. Hér á landi er mikilvægt að ræða og taka afstöðu til þess hversu viðeigandi óhefðbundnar og sérgreindar kosningaaðferðir séu fyrir fatlað fólk og meta þær með hliðsjón af hinni almennu kröfu að fatlað fólk skuli vera virkir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins og út frá þeirri meginreglu að aðgerðir stjórnvalda stuðli að sjálfstæði þess, sjálfræði og virðingu.

## 6. Niðurlag

Alþjóðasáttmálum svo sem SRFF er ætlað að tryggja full mannréttindi og full borgaraleg réttindi fatlaðs fólks til jafns við aðra, þar með talinn kosningarétt. Hér á landi, sem og víða erlendis, er mikill skortur á rannsóknum og tölfræðilegum upplýsingum sem sýna að hvaða marki þessi réttur er fyrir hendi í raun. Lawson bendir á að lagasetningar og alþjóðasáttmálar, svo sem SRFF, veiti „engar tryggingu fyrir því að nauðsynleg skref verði tekin til að aðgengi sé í raun fyrir hendi“ (Lawson 2013, 8). Á Íslandi eru litlar upplýsingar um tengsl fötlunar og kosningaþátttöku, engar skipulegar upplýsingar um aðgengi á kjörstöðum eða kjörklefum né um aðgengilegt efni stjórnmálaflokka. Þá hafa engar rannsóknir verið gerðar um áhrif samtaka fatlaðs fólks á hið pólitíska ferli, áherslur stjórnmálaflokka eða forgangsmál á Alþingi eða innan sveitarstjórna. Því miður er Ísland ekki einsdæmi því að FRA bendir á að aðildarríki ESB safni sjaldnast gögnum um kosningaþátttöku fatlaðs fólks sem hluta af þeim upplýsingum sem safnað er á kjördegi (FRA 2014). Niðurstaða FRA varðandi kosningar og fatlað fólk er sú að „framfarir varðandi það að tryggja rétt fatlaðs fólks til stjórnmálaþátttöku haldi áfram að vera brotáknar“ (FRA 2014, 82). Án skipulegra rannsókna og öflun tölfræðilegra upplýsinga verður erfitt

að meta framkvæmd á 29. grein SRFF hér á landi. Þar sem Ísland hefur fullgilt sáttmálann er brýnt fyrir íslensk stjórnvöld til að huga að því hvaða leiðir megi fara til að brúa þá þekkingargjá sem nú er um þátttöku fatlaðs fólks í kosningum og stjórnmálum almennt, og hvernig tryggja megi þann sjálfsagða lýðræðislega borgaralega rétt að allir geti tekið þátt í kosningum.

## Aftanmálsgreinar

- 1 Hér eftir oftast vísað til sem FRA.
- 2 Hér eftir oftast vísað til sem OHCHR
- 3 Sjá um ANED á <http://www.disability-europe.net/>
- 4 Hér eftir oftast vísað til sem IFES.
- 5 IFES hefur birt mikið af efni á vefsíðu sinni <http://www.ifes.org/> en auk niðurstaðna rannsókna og úttekta er þar að finna myndbönd, skýrslur, leiðbeiningar og handbækur sem hafa að geyma leiðbeiningar um það hvernig auka megi aðgengi fatlaðs fólks að kosningum og öðrum sviðum stjórn mála.
- 6 Höfundar færa Bryndísi Snæbjörnsdóttur, Árna Múla Jónassyni og Stefáni Vilbergssyni þakkar fyrir greinargóðar upplýsingar um reynslu hagsmunasamtaka fatlaðs fólks af aðgengi og hindrunum varðandi möguleika fatlaðs fólks til þátttöku í kosningum hér á landi.
- 7 Vefsvæðið er á slóðinni <https://www.kosning.is/althingiskosningar-2016/>

## Heimildir

- Agran, M., MacLean, W. og Andren, K.A.K. (2015). „I Never Thought About It“: Teaching People with Intellectual Disability to Vote“, *Education and Training in Autism and Developmental Disabilities* 50 (4), 388-396.
- Alþingi (1944). *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands* nr 33/1944.
- Alþingi (2012). *Lög um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við kosningu)* nr. 111/2012.
- Alþingi (2016). „Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga ásamt tillögu að frumvarpi til laga um breytingar á kosningalögum“. Gefin út af Alþingi 10. ágúst 2016. Sótt 30. mars 2017 á [http://www.althingi.is/pdf/kosningalog\\_skyrsla\\_%20vinnuhops\\_um\\_endurskodun\\_kosningalaga\\_17.%20agust\\_2016.pdf](http://www.althingi.is/pdf/kosningalog_skyrsla_%20vinnuhops_um_endurskodun_kosningalaga_17.%20agust_2016.pdf)
- European Union Agency for Fundamental Rights (FRA) (2010). *The Right to Political Participation of Persons with Mental Health Problems and Persons with Intellectual Disabilities*. Vienna: European Union Agency for Fundamental Rights.
- European Union Agency for Fundamental Rights (FRA). (2014). *The Right to Political Participation for Persons with Disabilities: Human Rights Indicators*. Vienna: European Union Agency for Fundamental Rights.
- European Union Agency for Fundamental Rights (FRA) (2015). *Implementing the United Nations Convention on the Rights of Persons with Disabilities (CRPD): An Overview of Legal Reforms in EU Member States*. Vienna: European Union Agency for Fundamental Rights.
- Fraser, N. (1997). *Justice Interruptus: Critical Reflections on the 'Postsocialist' Condition*. New York og London: Routledge.
- Grammenos, S. (2013). *European Comparative Data on People with Disabilities and Citizenship*. Utrecht, Netherlands: Human European Consultancy.
- Guldvik, I., Askheim, O.P. og Johansen, V. (2013). „Political Citizenship and Local Political Participation for Disabled People“, *Citizenship Studies* 17 (1), 76-91.
- Holland, R. (2016). „Participation and Engagement of People with a Learning Disability in the Lead up to the 2015 General Election“, *Tizard Learning Disability Review* 21 (1), 10-14.

- IFES (2014). *Equal Access: How to Include Persons with Disabilities in Elections and Political Process*. Washington, DC: International Foundation for Electoral Systems og National Democratic Institute.
- Jones, D. og Simons, B. (2012). *Broken Ballots: Will Your Vote Count?* Stanford, CA: Center for the Study of Language and Information.
- Lawson, A. (2013). *Access to and Accessibility of Citizenship and Political Participation of People with Disabilities in Europe: Introduction to Two Related 2013 ANED Reports*. Utrecht, Netherlands: Human European Consultancy.
- Mattila, M. og Papageorgiou, A. (2016). „Disability, Perceived Discrimination and Political Participation“, *International Political Science Review*, 1-15.
- Matsubayashi, T. og Ueda, M. (2014). „Disability and Voting“, *Disability and Health Journal* 7, 285-291.
- McColl, M.A., Giancarlo, A., Shannon, D.W. og Patola, U. (2015). „More Than Voting Booths: Accessibility of Electoral Campaigns for People with Disabilities in Ontario“, *Canadian Journal of Disability Studies* 4 (1), 89-110.
- Miller, P. og Powell, S. (2016). „Overcoming Voting Obstacles: The Use of Convenience Voting by Voters with Disabilities“, *American Politics Research* 44 (1), 28-55.
- OHCHR, Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights (2011). „Thematic Study by the Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights on Participation in Political and Public Life by Persons with Disabilities.“ New York: United Nations General Assembly. Sótt 30. mars 2017 á [http://www.ohchr.org/Documents/HRBodies/HRCouncil/RegularSession/Session19/A-HRC-19-36\\_en.pdf](http://www.ohchr.org/Documents/HRBodies/HRCouncil/RegularSession/Session19/A-HRC-19-36_en.pdf)
- Priestley, M., Stickings, M., Loja, E., Grammenos, S., Lawson, A., Waddington, L. og Friðriksdóttir, B. (2016). „The Political Participation of Disabled People in Europe: Rights, Accessibility and Activism“, *Electoral Studies* 42, 1-9.
- Prince, M.J. (2009). *Absent Citizens: Disability Politics and Policy in Canada*. Toronto: University of Toronto Press.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)* (2006). Sótt 30. mars 2017 á <https://www.innanrikisraduneyti.is/crpd/um-sattmalann/>
- Savery, J. (2015). „Voting Rights and Intellectual Disability in Australia: An Illegal and Unjustified Denial of Rights“, *Sydney Law Review* 37, 287-300.
- Schriner, K. og Shields, T.G. (1998). „Empowerment of the Political Kind: The Role of Disability Service Organizations in Encouraging People with Disabilities to Vote“, *Journal of Rehabilitation* April/May/June, 33-37.
- Schur, L., Adya, M. og Ameri, M. (2015). „Accessible Democracy: Reducing Voting Obstacles for People with Disabilities“, *Election Law Journal* 14 (1), 60-65.
- Schur, L., Shields, T., Kruse, D. og Schriner, K. (2002). „Enabling Democracy: Disability and Voter Turnout“, *Political Research Quarterly* 55 (1), 167-190.
- Waddington, L. (2013). *Access to and Accessibility of Citizenship and Political Participation of People with Disabilities in Europe: Introduction to Two Related 2013 ANED Reports*. Utrecht, Netherlands: Human European Consultancy.
- World Health Organisation (WHO) (2011). *World Report on Disability*. Geneva: World Health Organisation og The
- World Bank. Sótt 30. mars 2017 á [http://www.who.int/disabilities/world\\_report/2011/report.pdf](http://www.who.int/disabilities/world_report/2011/report.pdf)